



# Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Ýmis verkefni

Ríkisendurskoðun

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2019



Desember 2020

# Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings 04-190 Ýmis verkefni fyrir árið 2019.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi fjárlagaliðarins og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila fjárlagaliðarins og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyriræli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur fjárlagaliðar 04-190 hefur ekki verið skoðaður sérstaklega undanfarin ár.

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	2	4.4 Niðurstöður/ábendingar .....	10
1 Ábendingar og athugasemdir .....	4	5 Endurskoðun efnahagsliða .....	11
Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum og athugasemdum: .....	4	5.1 Eignir .....	11
2 Fjárveiting og rekstur .....	5	5.2 Eigið fé og skuldir .....	11
2.1 Fjárveitingar .....	5	5.3 Niðurstöður/ábendingar .....	11
2.2 Rekstraráætlun .....	6	6 Önnur atriði .....	12
2.3 Niðurstöður/ábendingar .....	6	6.1 Samþykkt ársreiknings .....	12
3 Innra eftirlit .....	7	6.2 Staðfestingarbréf stjórnenda .....	12
3.1 Inngangur .....	7	6.3 Lögfræðibréf .....	12
3.2 Umfjöllun .....	7	6.4 Óhæðisyfirlýsing .....	12
3.3 Niðurstöður/ábendingar .....	7		
4 Endurskoðun rekstrarliða .....	8		
4.1 Fastanefndir .....	8		
4.2 Ýmis viðskipta- og bankamál .....	9		
4.3 Framlög til neytendamála .....	9		

# 1 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum og athugasemdum:

1

## Tekjubókhaldskerfi

Gerð er athugasemd við að við innheimtu hluta tekna ársins 2019 hafi ekki verið notað viðurkennt tekjubókhaldskerfi. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytis hefur þó verið úr því bætt og eru nú allar tekjur innheimtar í gegnum AR hluta Orra.

2

## Viðbótarfjárveitingar

Bent er á að eðlilegra hefði verið að millifæra viðbótarfjárveitingu til Samkeppniseftirlits beint af fjárlagaliðnum yfir á fjárlagalið Samkeppniseftirlits eins og venjan er sbr. 29. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál.

## 2 Fjárveiting og rekstur

### 2.1 Fjárveitingar

Fjárveiting í fylgiriti með fjárlögum ársins 2019 nam 285,7 m.kr. vegna fjárlagaliðar 04-190 Ýmis verkefni. Fjárlagaliðurinn fellur undir málaflokk 16.10 Markaðsmál og neytendamál og 16.20 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar. Fjárveiting á fjárlagaliðnum skiptist í rekstrarframlög, rekstartilfærslur og rekstrartekjur.

#### 2.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting samkvæmt fylgiriti fjárlaga vegna ársins 2019 nam 285,7 m.kr. að frádregnum rekstrartekjum, en 159,9 m.kr. eru vegna rekstrarframlaga og 161,9 m.kr. vegna rekstartilfærslna. Rekstrartekjur voru áætlaðar 36,1 m.kr. Til viðbótar þessari fjárveitingu bætast við 4,0 m.kr. af sameiginlegu ráðstöfunarfé ríkisstjórnar í sameiginlegt verkefni um eflingu félagslegs frumkvöðlastarfs og nýsköpunar. Þá voru 4,4 m.kr. fluttar af ráðstöfunarfé ráðherra og bætt við styrki á málefnasviði ráðherra og 8 m.kr. voru fluttar úr varasjóði málefnasviðsins inn á neytendamál til að koma til móts við aukin útgjöld þar. Endanlegar fjárveitingar til rekstrar ársins 2019 námu því 302,1 m.kr.

Rekstrargjöld fjárlagaliðarins að frádregnum rekstrartekjum námu 340,3 m.kr. á árinu 2019 sem er 38,2 m.kr. umfram það sem fjárveitingar ársins höfðu gert ráð fyrir eða um 12,6%. Rekstrargjöld lækka um 6,1 m.kr. milli ára.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri fjárlagaliðar 04-190 Ýmis verkefni á árinu 2019:

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2019

Í þús. kr.	Fjárveiting 2019	Rekstur 2019	Frávik 2019	Rekstur 2018
Rekstrartekjur	-36.100	-68.465	32.365	-20.610
Launagjöld	69.700	52.028	17.672	54.867
Önnur rekstrargjöld	98.200	119.245	-21.045	117.467
Rekstartilfærslur	170.300	237.470	-67.170	194.667
Samtals	302.100	340.278	-38.178	346.391

Ónotuð fjárveiting frá fyrra ári að fjárhæð 82,5 m.kr. var að hluta til felld niður eða um 45,7 m.kr. þannig að í raun nam ónotuð fjárveiting milli ára 36,8 m.kr. Um er að ræða 37,1 m.kr. ónotaða fjárveitingu vegna Ýmissa viðskipta- og bankamála en til lækkunar á þeirri fjárveitingu koma gjöld umfram fjárveitingar 0,3 m.kr. vegna framlaga til neytendamála.

## 2.2 Rekstraráætlun

Við skoðun kom í ljós að rekstraráætlun fyrir árið 2019 er ekki rétt skráð í Orra en rekstraráætlunin er skráð í Akra áætlanagerfið og flutt þaðan yfir í Orra og hafa fjárhæðir í rekstraráætluninni ekki skilað sér nema að hluta yfir í Orra.

## 2.3 Niðurstöður/ábendingar

Rekstrargjöld að frádregnum rekstrartekjum voru 38,2 m.kr. umfram fjárveitingar ársins en ónotuð fjárheimild frá fyrra ári nam 36,8 m.kr. Rekstraráætlun fyrir árið 2019 er ekki rétt skráð í Orra.

Fara þarf yfir innlestur úr Akra áætlunarkerfinu í Orra þannig að tryggt sé að rekstraráætlun skili sér að fullu inn í Orra og hægt sé að nota rekstraráætlunina við samanburð á áætlun og raunútgjöldum innan ársins

## 3 Innra eftirlit

### 3.1 Inngangur

Ráðuneytisstjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 3.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirliti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis voru fengnar upplýsingar um skipulag og verkferla. Almenn regla er að gerðir eru samningar um þau verkefni sem greidd eru af fjárlagaliðnum. Fagskrifstofur eru ábyrgar fyrir samningagerð og eru samningar yfirfarnir af skrifstofustjóra fjárlaga, rekstrar og innri þjónustu. Skrifstofustjórar og í einhverjum tilfellum ráðherra skrifa undir samninga. Styrkir á málefna sviði ráðherra eru auglýstir árlega og jafnvel tvisvar á ári og er styrkjum úthlutað í samræmi við reglur sem um þá gilda. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um úthlutun eru nöfn styrkþega, heiti verkefnis og upphæð styrks birt á vef ráðuneytis. Hönnunarmiðstöð Íslands sér um að auglýsa styrki til hönnunarmála og stjórn hönnunarmála sendir tillögur til ráðuneytis um styrkhæf verkefni. Framlög til Staðlaráðs Íslands byggja á þjónustusamningi. Skipurit er til fyrir ráðuneytið. Fjárlagaliðurinn er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins

Tekjuinnheimta fer að hluta til í gegnum AR hluta Orra en að hluta til hafa reikningar verið innheimtir í gegnum Lotus Notes. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytis hefur þessu nú verið breytt og allir reikningar gerðir í AR hluta Orra. Hluti innheimtra tekna eru ríkistekjur og þær því lagðar inn til ríkissjóðs og ekki hluti af tekjum fjárlagaliðarins og ekki til skoðunar hér.

### 3.3 Niðurstöður/ábendingar

Við endurskoðun innra eftirlits var úrtak fylgiskjala og skráning afgangsgreiddlu skoðuð og var ekki annað séð en að almennt sé farið eftir verkferlum og skráning og skjölun í lagi. Gerð er athugasemd við eftirfarandi:

Viðurkennt tekjuskráningarkerfi hefur ekki verið notað við skráningu allra tekna í fjárhagsbókhaldi á árinu 2019.

## 4 Endurskoðun rekstrarliða

Tafla 2 Rekstraryfirlit 2019

Í þús. kr.	2019	2018	Breyting	Fjárveiting 2019
<b>110 Fastanefndir</b>	<b>19.025</b>	<b>-6.163</b>	<b>25.188</b>	<b>10.300</b>
Rekstrartekjur	-46.974	-20.280	-26.694	-36100
Launagjöld	25.861	30.563	-4.702	28900
Önnur rekstrargjöld	40.139	-16.446	56.585	17500
<b>Ýmis viðskipta- og bankamál</b>	<b>295.802</b>	<b>305.225</b>	<b>-9.423</b>	<b>266.900</b>
Rekstrartekjur	-21.492	-330	-21.162	0
Launagjöld	21431	21407	24	30100
Önnur rekstrargjöld	72.192	131.031	-58.839	77600
Rekstrartilfærslur	223.670	153.117	70.553	159200
<b>Framlög til hafna vegna strandveiða</b>	<b>0</b>	<b>27.750</b>	<b>-27.750</b>	<b>0</b>
Rekstrartilfærslur	0	27.750	-27.750	0
<b>Framlög til neytendamála</b>	<b>25.451</b>	<b>19.579</b>	<b>5.872</b>	<b>24.900</b>
Launagjöld	4.736	2.896	1.840	10700
Önnur rekstrargjöld	6.915	2.882	4.033	3100
Rekstrartilfærslur	13.800	13.800	0	11100
	<b>340.278</b>	<b>346.391</b>	<b>-6.113</b>	<b>302.100</b>

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2019 námu útgjöld að frádregnum rekstrargjöldum 340,3 m.kr. sem er um 38,2 m.kr. umfram fjárveitingu ársins. Lækkun milli ára er hins vegar um 6,1 m.kr. Í töflu 2 er rekstrarniðurstaða ársins sýnd.

### 4.1 Fastanefndir

Rekstrarútgjöld umfram rekstrartekjur vegna fastanefnda námu 19,0 m.kr. á árinu 2019 og hækka um 25,2 m.kr. milli ára. Útgjöld voru um 8,7 m.kr. umfram fjárveitingu ársins.

Launagjöld námu 25,9 m.kr. á árinu 2019 og eru vegna nefndarstarfa í ýmsum fastanefndum ráðuneytisins m.a. áfrýjunarnefnd samkeppnismála, áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda og prófnefnd bókara. Önnur rekstrargjöld námu 40,1 m.kr. en nær eingöngu er um að ræða kostnað vegna lögfræði- og annarrar sérfræðipjónustu í tengslum við störf hinna ýmsu nefnda.

Rekstrartekjur námu 47,0 m.kr. á árinu 2019 og hækka um 21,2 m.kr. milli ára. Helstu tekjur á árinu 2019 eru greiðslur frá ýmsum veiðifélögum 21,7 m.kr., vegna endurgreiðslu á kostnaði við arðskrármát og greiðsla frá Prómennt að fjárhæð 15,2 m.kr. vegna framkvæmdar á prófum bókara. Uppgjör er gert í samræmi við samning sem gerður hefur verið við fyrirtækið um framkvæmd prófa. Aðrar tekjur eru vegna prófgjalda endurskoðenda,



áfrýjunargjalda vegna samkeppnismála og áfrýjunargjalda vegna ákvarðana Einkaleyfastofu.

Skoðun fór fram með fyrirspurnum og gagnaskoðunum. Gerð er athugasemd við að tekjur eru ekki í öllum tilvikum skráðar í viðurkennt tekjuskráningarkerfi en eins og fram hefur komið hefur það verið lagfært og eru nú allar tekjur innheimtar í gegnum AR hluta Orra.

#### 4.2 Ýmis viðskipta- og bankamál

Rekstrarútgjöld umfram tekjur vegna viðskipta- og bankamála á árinu 2019 námu 295,8 m.kr. og lækka um 9,4 m.kr. milli ára. Útgjöld voru 28,9 m.kr. umfram fjárveitingu ársins.

Launagjöld námu 21,5 m.kr. á árinu 2019 en um er að ræða greiðslur fyrir nefndarstörf í ýmsum nefndum sem falla undir viðskipta- og bankamál m.a. vegna endurskoðunarráðs og eftirlitsnefndar félags fasteignasala. Önnur rekstrargjöld námu 72,2 m.kr. en að mestu leyti er um kostnað vegna lögfræði- og annarrar sérfræðiþjónustu. Lögfræðikostnaður í tengslum við störf eftirlitsnefndar félags fasteignasala nam 22,5 m.kr. og 14,4 m.kr. í tengslum við störf endurskoðunarráðs. Þá nam greiðsla til OECD vegna ráðgjafar OECD vegna samkeppniþjónustu 32,4 m.kr. á árinu 2019 og var hún í samræmi við samning sem gerður var.

Tilfærslur námu 223,7 m.kr. á árinu 2019. Framlög til Staðlaráðs Íslands námu 75,9 m.kr. en þær byggjast á þjónustusamningi sem gerður hefur verið. Framlög til Samkeppniseftirlits námu 40,8 m.kr. Um er að ræða tvær greiðslur samkvæmt samningi um samkeppniseftirlit samtals að fjárhæð 25,8 m.kr. og viðbótarfjárveitingu til Samkeppniseftirlitsins að fjárhæð 15,0 m.kr. vegna ófyrirséðs kostnaðar sem féll til á árinu 2018 vegna fyrirhugaðs samruna Icelandair og Wow air. Tilfærslur til Hönnunarsjóðs

námu 47,0 m.kr. en um er að ræða framlög til Hönnunarmiðstöðvar Íslands og ýmissa aðila á sviði hönnunar. Þá námu tilfærslur tengdar verkefninu Staðbundinn matur í ferðaþjónustu 20,7 m.kr. á árinu 2019 og voru til ýmissa aðila sem komu að verkefninu.

Rekstrartekjur námu 21,5 m.kr. á árinu 2019 en um er að ræða framlag frá Norrænu ráðherranefndinni vegna verkefnisins Staðbundinn matur í ferðaþjónustu og snýr að því að undirbúa ferðaþjónustuna undir breytingar sem vænta má í matvælaframleiðslu á Norðurlöndum en alls eru sjö norrænar þjóðir sem taka þátt í verkefninu auk Íslands. Verkefnið er eitt af formennskuverkefnum Íslands og nær yfir lengri tíma eða til 2021 og er gert ráð fyrir viðbótarfjármagni frá nefndinni bæði 2020 og 2021. Ónotaðar tekjur í árslok 2019 8,8 m.kr. voru fluttar yfir á árið 2020 og hafa verið nýttar á því ári.

Skoðun fór fram með fyrirspurnum og gagnaskoðunum. Skoðun er án athugasemda en bent er á að eðlilegra hefði verið að millfæra viðbótarfjárveitingu til Samkeppniseftirlits 15,0 m.kr. af fjárlagaliðnum yfir á fjárlagalið Samkeppniseftirlits eins og venjulega er gert sbr. 29. gr. LOF. Um er að ræða millifærslu innan málaflokks 16.20.

#### 4.3 Framlög til neytendamála

Útgjöld til neytendamála námu 25,5 m.kr. á árinu 2019 og hækkuðu um 5,9 m.kr. milli ára. Framlög til neytendamála fóru 0,6 umfram fjárveitingu ársins.

Um er að ræða rekstrartilfærslur til Neytendasamtakanna 13,8 m.kr., greiðslur vegna nefndarstarfa á sviði neytendamála m.a. kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa og áfrýjunarnefndar neytendamála. Önnur rekstrargjöld námu 6,9 m.kr. en einkum er um að ræða lögfræði- og annan sérfræðikostnað í tengslum við störf nefnda.

Skoðun fór fram með fyrirspurnum og gagnaskoðunum og er án athugasemda.

#### **4.4 Niðurstöður/ábendingar**

Skoðun rekstrargjalda var án athugasemda en eftirfarandi ábending er gerð:

Eðlilegra hefði verið að millifæra viðbótarfjárveitingu til Samkeppniseftirlits eins og venjan er sbr. 29. gr. LOF en um er að ræða millifærslu innan málaflokks 16.20

## 5 Endurskoðun efnahagsliða

Tafla 3 Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Í þús. kr.	31.12 2019	31.12 2018	Breyting
<b>Eignir</b>			
Viðskiptakröfur	690	23.990	-23.300
Ríkissjóður	42.510	69.260	-26.750
<b>Eignir alls</b>	<b>43.200</b>	<b>93.250</b>	<b>-50.050</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
Höfuðstóll	-1.342	82.511	-83.853
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	44.542	10.739	33.803
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>43.200</b>	<b>93.250</b>	<b>-50.050</b>

Í árslok 2019 námu eignir 43,2 m.kr., skuldir námu 44,5 m.kr. og höfuðstóll var neikvæður um 1,3 m.kr.

### 5.1 Eignir

#### 5.1.1 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur námu 690 þús. kr. í árslok 2019. Um er að ræða ógreidda reikninga í AR hluta Orra um áramót og er staða í árslok í samræmi við AR 31.12 2019. Viðskiptakröfur í árslok 2019 voru gerðar upp á árinu 2020.

#### 5.1.2 Ríkissjóður

Inneign hjá ríkissjóði nam 42,5 m.kr. í árslok 2019 samanborið við 69,3 m.kr. inneign í lok árs 2018.

### 5.2 Eigið fé og skuldir

#### 5.2.1 Höfuðstóll

Í lok árs 2019 var höfuðstóll neikvæður um 1,3 m.kr. og lækkar um 83,9 m.kr. frá fyrra ári. Lækkun höfuðstóls skýrist af niðurfellingu fjárveitinga síðasta árs 45,7 m.kr. og tekjuhalla ársins 2019 sem nam 38,2 m.kr.

#### 5.2.2 Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir námu 44,5 m.kr. í árslok 2019 og voru þær að stærstu leyti uppgerðar á árinu 2020.

Viðskiptaskuldir í AP hluta Orra námu 31,3 m.kr. og voru þær að fullu gerðar upp á árinu 2020. Aðrar skuldir voru vegna óuppgerðra styrkja og voru þeir að mestu leyti uppgerðir á árinu 2020. Eftir er að greiða eftirstöðvar af tveimur styrkjum 3,0 m.kr. Ónotaður styrkur vegna verkefnisins Staðbundinn matur í ferðapjónustu í árslok 2019 hefur að fullu verið nýttur á árinu 2020.

### 5.3 Niðurstöður/ábendingar

Skoðun efnahagsliða fór fram með fyrirspurnum og gagnaskoðunum og er án athugasemda.

## 6 Önnur atriði

### 6.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur fjárlagaliðar 04-190 Ýmis verkefni fyrir árið 2019 er undirritaður með rafrænum hætti 29. september 2020 af skrifstofustjóra skrifstofu fjárlaga, rekstrar og innri þjónustu fyrir hönd ráðuneytis.

### 6.2 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til ráðuneytis af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af skrifstofustjóra skrifstofu fjárlaga, rekstrar og innri þjónustu 29. september 2020 fyrir hönd ráðuneytis.

### 6.3 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi en samkvæmt upplýsingum skrifstofustjóra ráðuneytisins voru engin málaferli í gangi í tengslum við fjárlagalið 04-190 Ýmis verkefni.

### 6.4 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun fjárlagaliðar 04-190 Ýmis verkefni.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 448-8800

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)